

Umhverfisstefna Andabæjar

Haustið 2004 settum við okkur umhverfisstefnu með það að leiðarljósi að vernda umhverfið og náttúruna. Við ætlum okkur að vinna eftir nokkrum meginmarkmiðum og vera sífellt að þróa okkur í umhverfis-vænu starfi. Við leitumst við að versla í heimabyggð þannig að ekki fer mikil orka í sækja vörur lengri leiðir.

Meginmarkmið okkar eru:

1. Safna lífrænum úrgangi og fara með hann í Moldu.
2. Safna rafhlöðum og fara með þau á förgunarstöð.
3. Endurnýta og endurvinna allan fínan pappír.
4. Nýta matarílát í föndur, leik og fleira.
5. Safna kertaafgöngum og nýta þá.

Þessi markmið munu verða okkar starfsreglur. Þær leiðir sem við munum nota til þess að miðla þekkingu til barnanna eru í gegnum samverustundir, hópastarf, útiveru og fleira.

Í samverustundum erum við að leitast eftir hugmyndum frá börnunum, fá leiðir hjá þeim til þess að fylgja eftir og vita hvar þeirra áhugasvið liggur um umhverfismál.

Hópastarfið munum við nýta á margvíslegan hátt. Þar er farið í vettvangsferðir til að kynna umhverfinu í kringum okkur, sjá hvernig náttúran er í kringum okkur. Í vettvangsferðum fylgjumst við einnig með því hvernig umhverfi okkar breytist miðað við árstíðir og veðurfar. Hópastarfið munum við einnig nýta til þess að tala við börnin í minni hópum

um það hvernig við getum hugsað um umhverfið okkar og verndað það fyrir spillingu.

Í útiverunni eru börnin mikið að nýta umhverfið í sinn leik, eins og að fylgjast með veðrabreytingum og umhverfisbreytingum. Stefnt er að því að láta börnin planta niður trjám inn á leikskólalóðinni og búa til matjurtagarð fyrir sumarið.

Börnin munu einnig fá að kynnst því ferli sem hinn lífræni úrgangur þarf að fara til þess að verða að mold. Allt frá því að fara frá matarborðinu að því þegar moldin kemur úr Moldunni. Síðan munum við fá mold til þess að setja í trjábeðin, matjurtagarðinn og fyrir plönturnar okkar. Börnin munu fá að sjá hvernig hægt er að nýta kertastubba til þess að búa til ný kerti, með því að bræða niður stubbana. Við munum síðan safna mjólkurfernum til að nýta í myndverk og til að sá fræjum í og fylgjast með þeim vaxa. Við munum reyna að planta niður fræjum sem verða að plöntum sem við getum nýtt til matargerðar.

Við leitumst við að fá gefins pappír hjá fyrirtækjum og fleirum til myndlistar fyrir börnin þannig að ekki er mikið keypt af pappír. Ljósritunar og prentarapappír er keyptur fyrir starfsfólk og einnig er keyptur pappír ef eitthvert sérstakt verkefni er í gangi. Börnin munu einnig teikna aftan á pappír sem hefur verið nýttur einu sinni t.d. auglýsingar o.fl. Þegar pappír hefur verið fullnýttur þá er hann rifinn niður og nýttur til að búa til nýjan pappír sem börnin geta notað á ný í myndverk sín.

Við þrif á leikskólanum er að mestu verið að nota örtrefjaklúta og einungis er notuð sápa á gólfm.